



Ársskýrsla 2021

Byggðasafn

Reykjanesbæjar



Ársskýrsla 2021

Byggðasafn

Reykjanesbæjar

Reykjanesbæ 21. febrúar 2022.

Inngangur

Hlutverk Byggðasafnsins er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins með því að safna, varðveita, skrá og rannsaka sögulega muni, minjar og ljósmyndir. Jafnframt að miðla vitneskju um söguna og safnkostinn og veita almenningi aðgang að honum.

Starfsemi Byggðasafnsins á árinu 2021 litaðist óhjákvæmilega af langtímaveikindum forstöðumanns enda má fáliðuð stofnun lítt við slíku. Þó sannaðist hið fornkveðna að maður kemur í manns stað og þá naut safnið starfskrafta einstaklinga sem ráðnir voru tímabundið í gegnum atvinnuáttak af atvinnleysisskrá.

Þannig ávannst margt mikilvægt á árinu. Áfram var unnið skipulega að söfnun varnarliðseigna og grunnur sýningar um sögu varnarliðsins styrktist um leið. Yfir þúsund muna og gripa tengdir þessari sögu hafa verið skráðir í safnkostinn í framhaldinu og talsvert fleiri munir, tæki, ljósmyndir og skjöl bíða skráningar.

Í tengslum ritun á sögu Keflavíkur 1949-1994 var áfram haldið að velja þúsundir ljósmynda safnsins og skanna þær og skrá og gera aðgengilegar á ljósmyndavef safnsins; *reykjanesmyndir.is*.

Þrjár nýjar sýningar voru opnaðar í Duus Safnahúsum ásamt sýningu í Ramma á velheppnaðri Safnahelgi á Suðurnesjum og þá var opnuð sýning við Reykjanesvita í samstarfi við Hollvinasamtök Reykjanesvita.

En þrátt fyrir góðan árangur á síðasta ári er ljóst að brýn þörf er á að ráða fleiri fastráðna starfsmenn að safninu í ljósi þeirra stóru verkefna sem metnaðarfullt Byggðasafn þyrfti og ætti að ráðast í.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Mannauður	4
2. Munasafn	4
2.1 Söfnun og skráning	4
2.2. Söfnun varnarliðsminja	5
2.3. Ljósmyndasafn og vefur	5
3. Sýningar	6
3.1. Fast þeir sóttu sjóinn – Bátasafn Gríms Karlssonar	6
3.2. Kaupfélag Suðurnesja 75 ára	6
3.3. Víkurfréttir 40 ára	7
3.4. Það sem stríðið skildi eftir	7
3.5. Leiðarljós að lífhöfn	7
3.6. Aðrar sýningar og viðburðir	8
4. Húsnæði safnsins	8
4.1. Framtíðarsýn Duus Safnahúsa	8
4.2. Safnamiðstöðin í Ramma	8
5. Gestafjöldi	8
6. Vefur og útgáfa	9
7. Rekstur	9
8. Árangur og uppskera	10
Lokaorð	10

1. Mannauður

Í ársbyrjun voru tveir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi hjá Byggðasafninu: Eiríkur P. Jörundsson safnstjóri og Haraldur Haraldsson safnvörður. Safnstjóri fór í veikindaleyfi í byrjun mars í fjóra mánuði og hætti síðan í kjölfarið sem safnstjóri frá og með 1. september.

Helgi V. V. Biering þjóðfræðingur var í ársbyrjun verkefnaráðinn áfram í fullt starf við átakssöfnun og skráningu minja og mynda er tengjast sögu varnarliðsins. Þegar safnstjóri fór í veikindaleyfi tók Helgi tímabundið við sem safnstjóri og gengdi því starfi til 31. október. Hann lét þá af störfum fyrir Byggðasafnið. Enginn safnstjóri var starfandi yfir safninu í nóvember og desember.

Á haustdögum var Eva Kristín Dal ráðin safnstjóri Byggðasafnsins en hún kom til starfa 1. janúar 2022. Eva Kristín er með BA og MA gráðu í fornleifafræði, MA gráðu í hagnýtri menningarmiðlun og MPM gráðu í verkefnastjórnun.

Hulda Björk Þorkelsdóttir vann sem verktaki við skráningu mynda í ljósmyndasafn BYR í tengslum við ritun á sögu Keflavíkur og jafnframt við uppbyggingu á nýjum ljósmyndavef safnsins. Oddgeir Karlsson ljósmyndari kom að skönnun og skráningu ljósmynda úr safni Víkurfrétta. Þá vann Margrét I. Ásgeirsdóttir sem verktaki í ársbyrjun við uppbyggingu ljósmyndasafns og ljósmyndavefs.

Þá komu 5 starfsmenn til vinnu í gegnum atvinnuáttak af atvinnuleysissskrá og unnu allt frá þremur upp í sex mánuði á árinu. Starfskraftar þeirra voru vel þegnir og undirstaða þess árangurs sem náðist við skráningu muna og uppsetningum á sýningum ársins, auk þess að vinna að frágangi skjala og viðhaldi á Baldri KE við höfnina.

2. Munasafn

Á árinu var unnið markvisst að söfnun og skráningu muna, minja og ljósmynda og náðist umtalsverður árangur í þeirri vinnu, ekki síst er varðar söfnun muna tengdum sögu varnarliðsins og uppbyggingu á ljósmyndavef safnsins.

2.1 Söfnun og skráning

Heildarfjöldi í safnaskrá 31. desember 2021 var 20.964 færslur og náðist á árinu að komast yfir tuttugu þúsund skráða muni í safnkostinum. Það er fjölgun um 3.072 færslur á milli ára sem verður að teljast umtalsverður árangur. Á árinu 2020 voru skráðar inn 893 nýjar færslur sem þótti góður árangur. Talsvert hefur bæst við safnkostinn vegna söfnunar varnarliðsmuna og þar fjölgaði um 761 skráðan grip á árinu og eru skráðir munir tengdir þessari tilteknu söfnun nú orðnir 2.364. Þá var ráðist í það verkefni að skrá inn sem muni allt leikfangasafn Helgu Ingólfsdóttur í kjölfar þess að vel heppnuð og vinsæl sýninga á leikfangassafninu var tekin niður á árinu. Þannig fjölgaði færslum í leikfangasafni Helgu um 1.335 á árinu og eru skráðir munir orðnir samtals 2.848.



Vinna við ljósmyndun muna vegna skráningar hélt áfram á árinu og þar náðist álíka árangur og við skráningu muna. Alls voru myndaðir 1.834 munir á árinu miðað við 446 árið 2020. Í lok ársins var búið að mynda 16.520 af þeim 20.964 munum sem skráðir hafa verið í varðveislu Byggðasafnsins. Öll ný aðföng sem berast safninu eru mynduð um leið og skráning fer fram og þannig er reynt að forðast að munir safnist upp. Þó er ljóst að talsverð vinna er eftir við að mynda allan safnkostinn enda hefur t.d. átakið við söfnun varnarliðsmuna leitt til þess að mikið hefur borist til safnsins. Á árinu voru færðar 1.523 myndir yfir í Sarp og hefur þeirri vinnu miðað mun betur eftir að Safnamiðstöðin í Ramma var tengd við ljósleiðara. Alls voru þar við árslok 16.520 myndir frá BYR.



2.2. Söfnun varnarliðsminja

Árið 2019 hófst Byggðasafnið handa við að safna munum, myndum og sögum með skipulögðum hætti sem tengjast veru varnarliðsins á Miðnesheiði. Helgi V.V. Biering þjóðfræðingur var þá ráðinn til verksins og vann allt árið 2020 að þessu verkefni fyrir tilstilli veglegra styrkja úr Sóknaráætlun Suðurnesja og Safnasjóði og var gert ráð fyrir að hann sinnti þessu verkefni áfram 2021. Það breyttist þegar hann tók tímabundið við sem safnstjóri. Engu að síður gekk þessi söfnun vel á árinu. Í árslok 2020 voru skráðir 1.603 gripir inn í safneignina sem komu inn eingöngu vegna söfnunarátaksins. Í árslok 2021 var búið að skrá inn 2.364 muni tengdum sögu varnarliðsins og enn bíður fjöldi gripa skráningar. Búið er að ljósmynda stærstan hluta þeirra muna sem skráðir hafa verið í tengslum við varnarliðssöfnunina og færa inn í Sarp, sameiginlegan gagnagrunn íslenskra minja- og listasafna sem aðgengilegur er á netinu.

Einnig hefur skilað sér inn töluvert magn ljósmynda sem sumar hverjar eru nú þegar komnar á ljósmyndavef Byggðasafnsins.

2.3. Ljósmyndasafn og vefur

Byggðasafnið býr yfir viðamiklu ljósmyndasafni sem skipt er í þrjú söfn; almennt safn ljósmynda, filmusafn Heimis Stígssonar og hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar. Þá hefur orðið veruleg aukning í myndasafni er tengist sögu Varnarliðsins. Einnig gerði Byggðasafnið samning við Víkurfréttir um að skrá, varðveita og birta ríkulegt ljósmyndasafn blaðsins á reykjanesmyndir.is og hefur safninu nú þegar borist þúsundir mynda á filmum úr myndasafni Víkurfrétta og enn er af nægu að taka. Þó má ætla að þessi vinna verði fljótvirkari þegar myndasafn blaðsins berst safninu stafrænt.

Allt árið var haldið áfram að vinna að skönnun mynda úr almenna safninu, filmusafni Heimis og Víkurfrétta í tengslum við verkefnið um ritun sögu Keflavíkur 1949 til 1994 og stækka og efla enn frekar ljósmyndavefinn **reykjanesmyndir.is** sem var opnaður árið 2020. Vinnan var að mestu unnin af Huldu Björk Þorkelsdóttur bókasafnsfræðingi, Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara og Margréti I. Ásgeirsdóttur bókasafnsfræðingi í verktakavinnu. Við opnun vefsins árið 2020 voru 3.688 myndir aðgengilegar á vefnum en í lok ársins 2021 voru myndirnar orðnar 20.130 sem skoða má á nýja vefnum.

Áríðandi er að halda áfram vinnu við að skanna inn fleiri myndir og koma bæði myndum á pappír og filmum í réttar umbúðir fyrir langtíma varðveislu. Veruleg þörf er á að fastráða starfsmann í fullt starf hjá Byggðasafninu til að sinna ljósmyndasöfnunum, bæði þeim sem eru fyrir hendi hjá safninu og einnig að

kalla inn fjölda safna og mynda í eigu einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka í bæjarfélaginu. Einnig kallar nýr ljósmyndavefur á starfskrafta við áframhaldandi uppbyggingu og notkun hans meðal almennings.

3. Sýningar

Þrjár nýjar sýningar voru opnaðar í Duus Safnahúsum ásamt sýningu í Ramma á velheppnaðri Safnahelgi á Suðurnesjum. Þá var einnig opnuð sýning við Reykjanesvita í samstarfi við Hollvinasamtök Reykjanesvita.

3.1. Fast þeir sóttu sjóinn – Bátasafn Gríms Karlssonar

Þann 20. febrúar opnaði Byggðasafnið endurgerða fastasýningu á bátalíkönnum Gríms Karlssonar í Bryggjuhúsinu. Bátasafn Gríms Karlssonar var fyrsta sýningin sem opnuð var í Duus Safnahúsum fyrir nærri 20 árum og hefur nú fengið endurnýjun lífdaga í rými sem skapar áhugaverða umgjörð um bátalíkönin. Á nýju sýningunni gefur að líta nánast öll módel Gríms í eigu Byggðsafnsins, en alls eru skráð 131 bátalíkön í eigu safnsins.

Á sýningunni eru líkönin jafnframt nýtt til að segja sögu vélbátaútgerðar í Keflavík og Njarðvík. Þar er einnig fjallað um hafnargerð, skipasmíðar, veiðar og annað er tengist útgerðinni. Þá gefst sýningargestum kostur á því að taka í stýrið innan í endurgerðu stýrishúsi og skut í raunstærð á minni gerð vélbáta.



Sýningarstjóri og hönnuður var Eiríkur P. Jörundsson.

3.2. Kaupfélag Suðurnesja 75 ára

Þann 12. júní opnaði Byggðasafnið sýninguna Kaupfélag Suðurnesja 75 ára í Stofunni í Duushúsum en sögunni voru einnig gerð skil á skiltum meðfram Duusgötu. Sýningin var unnin í samvinnu við Kaupfélag Suðurnesja en félagið hefur verið samofin sögu byggðar á Suðurnesjum allt frá stofnun þess árið 1945 og til dagsins í dag.

Kaupfélagið kom víða við. Matvöruverslun, mjólkurbúð, bakarí, fiskverkun, fiskvinnsla, innlánastarfsemi, vefnaðarvöruverslun, fataverslun og byggingavöruverslun sem einnig þjónustaði útgerðina er meðal þess sem Kaupfélagið hefur komið að. Sumt hefur horfið úr starfssviði félagsins en annað komið í staðinn en Kaupfélagið hefur líklega aldrei verið sterkara en í dag.

Sýningin stóð til 1. desember og sýningastjóri var Helgi V. V. Biering.

UPPHAFIÐ **KSK**
KAUPELLAG SUÐURNESJA
75 ÁRA
1945 - 2020

1880 Upphaf Samvinnuvenjunnar á Suðurnesjum. Þóttunarsafn Suðurnesja var stofnað. Fjallað varð þó ekki lengi.
1880 The beginning of cooperative trade in Suðurnes. Þóttunarsafn Suðurnesja was founded. This association did not last.

1935 Væðing og sjálfstjórn Kaupfélags Suðurnesja.
1935 The labor union in Keflavík founded Ordering company VSPK.

1937 Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis (KRON) var stofnað en Þóttunarsafn VSPK og Þóttunarsafn Suðurnesja gerðu inn í það. KRON opnaði skilubúð að Abalgata 10 í Keflavík.
1937 Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis (KRON) was founded, but ordering company VSPK and in Sandgerði joined it. KRON opened a shop at Abalgata 10 in Keflavík.

1942 Eðlunin flutti að Hafnarstræti 30 sem KRON lét byggja úr eitt sem kom úr skilubúðinni sem KRON eitt.
1942 The shop moved to Hafnarstræti 30 in a house which KRON had built from material that came from a site that owned by KRON.

1945 Keflavíkubúðin KRON eitt sig frá KRON og stofnaði Kaupfélag Suðurnesja þann 13. ágúst.
1945 The Keflavík branch of KRON broke away from KRON and founded COOP Keflavík August 13th.

Vörslun KRON við Abalgata 10
The KRON store at Abalgata 10

Sjámi Sveinsson var í undirbúningstíðni þóttunarsafns VSPK.
Sjámi Sveinsson was on the preparatory board of the VSPK ordering company.

Samkaup
nettó
Krambúðin
KRAMBÚÐIN
Iceland

3.3. Víkurfréttir 40 ára

Byggðasafnið opnaði þann 2. september ljósmyndasýninguna *Víkurfréttir 40 ára* í Bíosal Duushúsa. Á sýningunni voru íbúar Suðurnesja í sviðsljósinu en þar gaf að líta nærri 80 prentaðar ljósmyndir auk nærri 300 mynda á flettiskjám. Þá voru prentaðar nokkrar forsiður Víkurfréttanna frá árunum 1983 til 1993. Sýningin var samstarfsverkefni Byggðasafnsins og Víkurfréttanna en á síðasta ári tók safnið á móti fjölda mynda í eigu blaðsins og í framhaldinu hefur verið skannaður inn fjöldi mynda frá fyrstu árum þess. Víkurfréttir komu fyrst út 14. ágúst 1980 og voru fyrsta „fríblað“ landsins en fyrr á því ári lögðu forveri þess, Suðurnesjatíðindi, upp laupana sem var selt í lausasölu og áskrift.

Sýningarstjóri var Oddgeir Karlsson.



3.4. Það sem stríðið skildi eftir

Á Safnahelgi á Suðurnesjum 16. og 17. október var boðið upp á sýningu einkasafnara og Byggðasafns Reykjanesbæjar á munum tengdum hernaði í Safnamiðstöðinni í Ramma. Byggðasafnið hefur verið með söfnunaráttak á munum og minjum sem tengjast veru varnarliðsins á Keflavíkflugvelli og hluti þeirra muna sem hefur verið safnað var til sýnis. Kveikjan að sýningunni var hins vegar áhugi 15 einkasafnara á að sýna hluta af afrakstri söfnunar sinnar á munum sem tengjast veru hers á Íslandi og var ákveðið að Byggðasafnið hýsti og aðstoðaði við uppsetningu sýningar einkasafnaranna. Í fórum þeirra kennir margra og fjölbreyttra grasa og á sýningunni mátti meðal annars sjá farartæki, líkón, vopn, orður og einkennisbúninga. Góður rómur var gerður að sýningunni og fjöldi gesta var rúmlega 2.000 yfir Safnahelgina, auk þess að tekið var á móti hópum að helginni lokinni.



3.5. Leiðarljós að lífhöfn

Þann 15. október var formleg opnun á 1. áfanga sýningar um sögu Reykjanesvita og sjóslysa en sýningin var sett upp í vélarhúsinu við Reykjanesvita. Sýningin er samstarfsverkefni Hollvinsamtaka Reykjanesvita og Byggðasafns Reykjanesbæjar. Um var að ræða fyrsta áfanga en áætlanir gera ráð fyrir stækkun sýningar árið 2022 og að hún verði opin gestum daglega. Sýningin var styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og Safnasjóði og hefur þegar hlotið áframhaldandi styrkveitingu úr Uppbyggingarsjóði. Sýningunni var einkar vel tekið og vakti mikla athygli, ekki síst í fjölmiðlum, enda um einstaka og mikilvæga sögu að ræða.

Bygging Reykjanesvita á Valahnúk árið 1878 markaði tímamót. Sýningunni er ætlað að veita innsýn í mikla og mikilvæga sögu sjóslysa og uppbyggingar á vitum til að auka öryggi sjófarenda. Um leið stefna aðstandendur hennar að því að sýningin vaxi og dafni. Til stendur að reisa þjónustu- og upplýsingamiðstöð í því magnaða umhverfi og náttúru sem umlykur Reykjanesvita en þangað á slík sýning verðugt erindi.

Sýningarstjóri og hönnuður var Eiríkur P. Jörundsson.



3.6. Aðrar sýningar og viðburðir

Grunnsýning safnsins, *Hlustað á hafið*, stóð að mestu óbreytt í Gryfjunni allt árið.

Stekkjarkot og húsið í Innri-Njarðvík voru opnuð og sýnd þegar þess var óskað.

Þá sáu starfsmenn Byggðasafnsins í samvinnu við starfsfólk Duus Safnahúsa um uppsetningu á jólasýningu í Stofunni, þar sem jólahaldi í eldri tíð var gerð skil og gömlu jólasveinunum.

4. Húsnæði safnsins

Auk hefðbundinna verkefna við söfnun, skráningu og uppsetningu sýninga var unnið að endurskoðun á húsnæði safnsins, annars vegar á sýningaraðstöðu í Duus Safnahúsum og hins vegar framtíð varðveislurýmis í Safnamiðstöðinni í Ramma.

4.1. Framtíðarsýn Duus Safnahúsa

Á árinu unnu menningarfulltrúi, safnstjórar Byggðasafns og Listasafns og um tíma verkefnastjóri ferðamála að framtíðarsýn fyrir Duus Safnahús. Lögð var fram sameiginleg tillaga safnstjórana og menningarfulltrúa að framtíðarnotkun Duus Safnahúsa í menningar- og atvinnuráði í júní og í framhaldinu í framtíðarnefnd og bæjarráði. Tillagan felur í sér spennandi möguleika á bættri nýtingu húsanna og uppbyggingu á sýninga- og viðburðastarfi í húsunum. Í tillögunum er stærsta breytingin sú að inngangur verði færður í miðju húsanna þar sem nú er sýningarsalurinn Gryfjan og að sýningaraðstaða Byggðasafns verði fyrst og fremst í Bryggjuhúsinu. Upplýsingamiðstöð ferðamála sem staðsett var á jarðhæð Bryggjuhúss var lögð niður í lok ágúst og þar með batnaði verulega aðgengi að sýningum Byggðasafnsins í húsinu og ljóst er að jarðhæðin mun nýtast í framtíðinni undir glæsilega fastasýningu. Vonir standa til að hægt verði að ráðast sem fyrst í framkvæmdir og ekki síst er ánægjulegt að undirbúningur er hafinn að uppsetningu á löngu tímabærri lyftu í Bryggjuhúsið.

4.2. Safnamiðstöðin í Ramma

Áfram var unnið að því að kanna möguleika á endurskipulagningu húsnæðis í Safnamiðstöðinni í Ramma, bæði til að bæta geymsluaðstöðu safnanna og einnig að skipuleggja þann hluta hússins sem nýta mætti undir nýja sýningu um 100 ára sögu slökkviliða á Íslandi og þá ekki síst slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Mikilvægt er að endurskoða og kortleggja hvernig best er að haga varðveisluhúsnæði safnanna og þótt húsnæðið í Ramma hafi nýst vel í mörg ár er ljóst að húsið þarfnast talsverðra endurbóta og viðhalds og hentar ekki vel að öllu leyti sem varðveisluhús. Þessari vinnu er ekki lokið, ennþá er Rammahúsið á söluskrá og brýnt að framtíð hússins verði ráðin sem fyrst til að tryggja vandaða varðveislu muna og minja.

5. Gestafjöldi

Heildarfjöldi gesta í Duus Safnahús á liðnu ári var 13.630 sem er 107% aukning frá árinu 2020 þegar gestir voru alls 6.581. Gestafjöldinn er þó ennþá talsvert undir heimsóknum ársins 2109 þegar heildarfjöldi gesta var 25.268. Ekki kom til lokana í Duus Safnahúsum á árinu líkt og árið 2020 þegar lokað var tvisvar sinnum,

23. mars til 3. maí og aftur 31. október til 4. desember. Innlendir gestir á eigin vegum voru 8.936. Erlendir ferðamenn á eigin vegum voru alls 2.019 á árinu samanborið við 1.081 gest árið 2020. Frítt var inn í Duus Safnahús á fyrri hluta ársins en aðgangseyrir tekinn samkvæmt venju frá 1. september.

Talsverð aðsókn var að sýningunni *Það sem stríðið skildi eftir*, sem sett var upp í Ramma og var opin á Safnahelgi á Suðurnesjum ásamt Slökkviminjasafninu. Varlega áætlað voru gestir helgarinnar ríflega 2.000.

Þá heimsóttu nærri 300 gestir sýninguna *Leiðarljós að lífhöfn* við Reykjanesvita þær helgar sem hún var opin í október og nóvember.

6. Vefur og útgáfa

Á vefsíðu safnsins er að finna öll grunnskjöl safnsins, upplýsingar um sýningar á vegum þess og tilvísanir í nánara efni. Vefurinn og fésbókarsíðan voru notuð til að kynna starfsemina, safngripi og myndir úr myndasafni og voru reglulega settar inn myndir og fróðleikur um starfsemina. Til viðbótar var reglulega birt Ljósmynd dagsins, bæði á heimasíðu safnsins og á fésbókarsíðunni.

Vegna aðgerða og lokana í covid-ástandinu var gert átak í rafrænni miðlun safnsins árið 2020 og m.a. gerð 12 myndbönd um margvíslega þætti í starfi og sýningum safnsins. Myndböndin vöktu mikla og jákvæða athygli. Á síðasta ári, 2021, var því miður ekki hægt að fylgja þessu mikilvæga verkefni eftir í ljósi fjarveru safnstjóra vegna veikinda. Allt árið 2020 voru þrír starfsmenn í fullu starfi, þar af einn verkefnaráðinn, og þá gafst tækifæri til að sinna m.a. rafrænni miðlun meðfram öðrum verkefnum. Þegar fækkar í áhöfninni dregur um leið úr möguleikum og tækifærum á þróun safnastarfsins og undirstrikar enn og aftur mikilvægi þess að ráðinn verði þriðji fasti starfsmaður safnsins.

7. Rekstur

Ársvelta 67.750.892

Tekjur

Styrkir og sértekjur 8.668.000

Framlag Reykjanesbæjar 59.082.892

Útgjöld

Laun og launatengd gjöld 25.867.458

Húsnæðiskostnaður 28.831.102

Sértækur rekstur safns 8.803.010

Almennur rekstur 4.249.322

8. Árangur og uppskera

Óhætt er að fullyrða að miðað við fjölda fastráðinn starfsmanna, fjarveru fastráðins safnstjóra vegna veikinda og fjárhagsleg úrræði hafi starfsemi safnsins verið býsna lífleg á árinu og margt áunnist. Safnið býr að veglegum safnkosti, bæði munum og myndum sem hýstur er í rúmgóðu húsnæði í Safnamiðstöðinni í Ramma sem þó þarf að endurskoða með framtíðanotkun í huga. Varðveisluhluti starfsins er þannig í þokkalegum málum og framundan eru framkvæmdir við Duus Safnahús í samræmi við tillögur sem samþykktar voru á árinu og munu bæta sýningaraðstöðu safnsins þar.

Ný fastasýning á bátasafni Gríms Karlssonar var opnuð í febrúar og óhætt að fullyrða að vel tókst til í kjölfar þess að nokkuð hafði borið á gagnrýni á þeirri ráðstöfun að færa sýninguna til. Þær raddir eru að mestu þagnaðar enda njóta bátamódelin sín einkar vel í nýjum sýningarsal og hafa öðlast nýtt líf.

Stefnt var að því að Byggðasafnið tæki yfir og opnaði endurbætta og stærri Slökkviminjasýningu í Ramma á Safnahelgi á Suðurnesjum á vordögum sem ekki gekk eftir. Í fyrsta lagi lá ekki fyrir samþykki bæjaryfirvalda fyrir þessari ráðstöfun, í öðru lagi fór safnstjóri og um leið sýningarstjóri í veikindaleyfi og í þriðja lagi var Safnahelginni frestað fram í október. Hins vegar setti Byggðasafnið þá upp vel sótta sýningu á úrvali muna úr varnarliðssöfnuninni og einnig var núverandi Slökkviminjasafn opið. Ennþá hefur ekki verið ákveðið með framtíð Slökkviminjasafns og mun hún væntanlega verða ákveðin í samræmi við framtíðarhlutverk Ramma.

Aðrir þættir sem stefnt var að, s.s. uppbygging á ljósmyndavef og varnarliðssöfnun, gekk vonum framar á árinu. Til stóð að Byggðasafnið kæmi að uppsetningu á sérstökum söguvef í tengslum við ritun á lokakafla í sögu Keflavíkur. Það breyttist með fjarveru safnstjóra og niðurstaðan varð sú að fráfarandi safnstjóri samdi um að taka ritstjórn vefsins að sér sem verkefnaráðinn sérfræðingur.

Lokaorð

Undirritaður skýrsluhöfundur hefur nú horfið úr stóli safnstjóra en lítur til baka í góðri sátt og þakkar kærlega fyrir gefandi samstarf við fjölda starfsmanna á atvinnu- og menningasviði bæjarins. Safnið hefur vaxið og dafnað og sýningar hafa vakið verðskuldaða athygli. Framundan eru spennandi tímar og mikil tækifæri í starfsemi safnsins sem verður áhugavert að fylgjast með. Enda er engin ástæða til annars, að viðburðaríku ári loknu, en horfa með bjartsýni til nýrra tíma og verkefna, enda úr miklu að móða og mörgu hægt að áorka. Það skal að lokun ítrekað enn og aftur að mikilvægt er að til þess fáiast bæði nauðsynlegur mannskapur og fjármunir.

21. febrúar 2022

Eiríkur P. Jörundsson
fráfarandi safnstjóri
Byggðasafns Reykjanesbæjar





REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS